



# Riddarasaga úr Mosfellsbæ

Eva Þengilsdóttir hefur gefið út nýja barnabók hjá bókaforlaginu Sölku. Nála - riddarasaga segir frá stúlkunni Nálu og stórum riddara sem þeysir um lönd og álfur á fráum hesti og berst við alla sem á vegi hans verða.

„Ég sæki innblástur í riddarateppið, en mamma saumaði slíkt teppi og gaf mér fyrir nokkrum árum síðan. Myndirnar í bókinni eru í raun saumamynstur," segir Eva.

„Nála er fyrst og fremst ævintýri, en fjallar í raun um það hvernig við kjósum að nota það sem við höfum eða fáum í hendurnar. Valið milli góðs og ills, stríðs og friðar. Bókin er hugsuð fyrir börn upp að 10 ára aldri en á í raun erindi við alla.

Bókinni hefur verið afar vel tekið og hún m.a. verið á metsölulista Eymundsson yfir mest seldu barnabækurnar.

Í byrjun desember hyggst Eva heimsækja grunnskólana í Mosfellsbæ og lesa upp úr bókinni.





